


Íslenskur iðnaður

SI 5. tbl. 14. árg

Samtök iðnaðarins

Máí 2008

Einstakt hátæknigróðurhús vígt í Grindavík



ORF Líftækni hefur formlega tekið í notkun hátæknigróðurhúsið Grænu smiðjuna í Grindavík. Um er að ræða einstakt gróðurhús á heimsvísu og er framleiðslan að mestu sjálfvirk. Með sérstakri erfðataekni er framleitt erfðabreytt bygg sem notað er til framleiðslu sérvirkra próteina sem meðal annars eru notuð við lyfjaþróun, rannsóknir og lyfjaframleiðslu.

Fyrirtækið sem er það stærsta sinnar tegundar í Evrópu hefur þróað í plöntum framleiðsluferli sérvirku próteinanna sem eru eins og finnast í mannlíkamanum. Það er fyrsta fyrirtækið í heiminum sem hefur sölu á slíkum próteinum. Framleiðslan er hagkvæmari en framleiðsla í bakteríum eða spendýrafrumum og mikið öryggi felst í því að framleiða próteinið í plöntum sem ekki bera sýkingar í menn.



Marel orðið stærst á heimsmarkaði

Eftir sameiningu Marel Food Systems og Stork Food System sem gekk í gildi 8. maí er Marel orðið stærsta fyrirtæki heims í framleiðslu hátæknibúnaðar fyrir matvælavinnslu. Markaðshlutdeild þess á heimsmarkaði er nú 16%, en var áður 7-8%. Marel er næstum 50% stærra en næststærsta fyrirtækið á markaðnum en áður var það í þriðja sæti.

Hörður Arnarson forstjóri Marel segir að samruninn við Stork sé sóknarsamruni þar sem félögin bæti hvert annað upp. Um sé að ræða síðasta skref í vaxtaáætlun sem hafi leitt til yfirtöku tveggja annarra fyrirtækja, Scanvægt og AEW/Delford.

Stork Food Systems var hluti af Stork-samsteypunni sem á sér djúpar rætur í hollensku viðskiptalífi en það var stofnað árið 1868. Samningaferlið einkenndist af átökum Stork-samsteypunnar og Stork Food Systems og vakti mikla athygli í hollenskum fjölmiðlum.

bls. 2



Viðvarandi skammtímavandi

bls. 3



Ál orðið helsta útflutningsvaran

bls. 4



Verk og vit 2008

bls. 9



Mentor hlýtur Vaxtarsprotann 2008

bls. 11



Sterkt samband HR við MIT í Boston

Viðvarandi skammtímavandi

Þegar horft er til hagsögu okkar nokkra áratugi aftur í tímann kemur glögg t ljós að hún einkennist af stöðugu ójafnvægi. Er þá sama hvort horft er til gengis krónunnar, verðbólgu eða kaupmáttarþróunar. Verðbólga hefur ævinlega verið mikil og var oftast en ekki afleiðing gengisfellinga sem var beitt með handafla til að ná niður raunlaunum og rétta af stöðu sjávarútvegs. Í seinni tíð hafa markaðskraftarnir tekið við hlutverki ríkisstjórnar og fundið sér farveg um gengið til að leiðrétta kaupmáttinn. Aðeins í stuttan tíma hefur okkur tekist að halda verðbólgu og gengissveiflum í skefjum. Það var á tímum fastgengisstefnunnar og kyrrstöðu í þjóðarþúskaðum undir lok síðustu aldar. Allt frá því að fastgengisstefnan féll um sjálfa sig hefur sigið á ógæfuhliðina með gamalkunnu samspili verðbólgu og gengisfalls. Reynslan sýnir að fljóttandi króna og verðbólgu markmið breyta þar engu.

Samfelld krísustjórnun

Mikil verðbólga og óstöðugt gengi hefur verið eilífðarverkefni stjórnvalda og vandamál atvinnulífsins. Ótrúlegur kraftur hefur farið í nær samfellda krísustjórnun. Því er eðlilegt að spyrja hvort þeim krafti hafi verið vel varið. Það má reyndar til sanns vegar færa að okkur hafi tekist ótrúlega vel að spila úr þessum aðstæðum og þrátt fyrir allt náð að skipa okkur í sveit mestu velmegunarþjóða heimsins. Ekki má þó gleyma að þar réð ekki eingöngu eigið ágæti okkar Íslendinga heldur gegna þar stóru hlutverki fengsæl fiskimið og orkuauðlindir. Þá var síðari heimsstyrjöldin að nokkru leiti happafengur fyrir þjóðina sem græddi vel á veru herliðs í landinu og síðar einnig á Marshall-aðstoðinni. Að vissu leyti má segja að allur þessi öldugangur í efnahagslífinu hafi ekki komið að meiri sök en raun ber vitni vegna þess hve einhæft atvinnulífið var. Hagstjórnin miðaði eingöngu að því að unnt væri að reka sjávarútveginn á núlli eða þar um bil.

Þörf fyrir ný meðöl

Þessi áratuga langa raunasaga er ekki rifjuð hér upp að ástæðulausu. Heldur vegna þess að nú segja margir að ekki sé tímabært eða skynsamlegt að ræða langtímalausnir í tengslum við þá krísu sem við erum að kljást við. Hinir sömu virðast þá gleyma fortíðinni og því að við erum sífellt að fást við vanda af þessu tagi. Segja má að ef þetta er skammtímavandi þá sé hann viðvarandi eða krónískur. Það er miklu nær að tala um núverandi ástand sem birtingarmynd langvarandi vanda sem á þarf að finna langtímalausn. Vandræðin á alþjóðlegum fjármálamörkuðum eru ekki orsök hans þó vissulega magni þau hann. Skammtímalausn mun einungis slá á einkennin en ekki vinna á sjálfum sjúkdómnum. Verkjalyf lækna enga sjúkdóma. Fyrr eða síðar leiðir þetta króníska ástand til þess að við hverfum úr hópi þeirra þjóða þar sem mest velmegun ríkir. Því fyrr sem við horfumst í augu við það og hættum að beita skyndi- og skammtímalausnum því betra.

Samtök iðnaðarins hafa alla tíð verið óþreytandi að benda á nauðsyn stöðugleika og jafnvægis. Það sé forsenda þess að geta byggt upp alþjóðlegt og samkeppnishæft atvinnulíf og halda því í landinu. Langt er síðan Samtökin hófu að benda á að með því að skipta um umgjörð efnahags- og gjaldeyris-mála skapast skilyrði til þess að vinna bug á þessum við-



Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI

varandi vanda. Aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru er að mati Samtaka iðnaðarins besta leiðin til þess. Það er ekki nein skyndihugdetta sem orðið hefur til á síðustu mánuðum þegar gefið hefur á bátinn. Aðild að ESB er ekki skyndilausn og hún leysir okkur alls ekki undan því að kunna fótum okkar forráð í efnahagsmálum. Hún er hins vegar upphafið að því að losna undan samfelldum skammtímavanda.

Skoði menn ályktanir Iðnþings allt frá stofnun Samtaka iðnaðarins árið 1994 kemur í ljós að hvað eftir annað er bent á óstöðugleikann sem helsta óvin iðnaðarins og um leið bent á bestu leiðina til þess að koma á stöðugleika. Ríkisstjórnir og stjórnáráðmenn síðustu 15 ára hefðu betur lagt hlustir við ályktunum Iðnþings og skoðunum almennings í stað þess að skella við þeim skollaeyrum. Undiraldan þyngist sífellt í Evrópumálunum, 68% vilja evru frekar en krónu og 55% vilja aðild að ESB en 27% eru á móti. Heyra menn dyn öldunnar?

Úr ályktunum Iðnþings 1994 - 2008

- 1994** Samhlíða verður að skoða kosti og galla beinnar aðildar að Evrópu-sambandinu með hagsmuni heildarinnar í huga.
- 1995** Samtök iðnaðarins telja brýnt að Íslendingar verði fullgildir þátttakendur í samfélagi Evrópuþjóða... ..skora því á stjórnvöld að hefjast handa við að skilgreina samningsmarkmið og kynna þau innan Evrópu-sambandsins.
- 1998** Afleiðingin er innstreymi gjaldeyris sem aftur hefur leitt til hækkads gengis... ..hækkandi gengi krónunnar og aukinn munur á innlendum vöxtum kemur niður á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.
- 2001** Enn er þó ótalið veigamesta atriðið. Íslenska krónan er of dýru verði keypt. Hún skapar vandamál í hagstjórn, veldur óþarfa vaxtabyrði og gengissveiflum sem bitna á fyrirtækjum og rekstrarskilyrðum þeirra.
- 2005** Stöðugleika þarf til að samkeppnis- og útflutningsgreinar þrífist. Hann er frumforsenda þess að unnt sé að byggja upp iðnað á Íslandi.
- 2006** Mistök í sameiginlegri hagstjórn ríkis, sveitarfélaga og Seðlabanka eiga stærstan þátt í þeim vanda sem samkeppnis- og útflutningsgreinarnar eiga við að etja.
- 2007** Samtök iðnaðarins krefjast þess að Alþingi sem kjörið verður í vor og næsta ríkisstjórn taki aðild Íslands að Evrópusambandinu til alvarlegar skoðunar og komist að niðurstöðu á kjörtímabilinu.
- 2008** Verkefnið er síður en svo auðvelt og engar skyndilausnir tiltækar... ..Búa þarf efnahagsstjórninni trúverðuga umgjörð og skapa henni nauðsynlegt aðhald... Samtök iðnaðarins skora á ríkisstjórnina að taka aðild Íslands að ESB á dagskrá...


Ál orðið helsta útflutningsvaran

Útflutningsverðmæti áls mun í fyrsta sinn skila mestum útflutningstekjum í þjóðarþúð á þessu ári samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að verðmæti áls sem flutt er úr landi verði tvöfalt á við útflutningsverðmæti sjávarútvegs miðað við síðasta ár og þrefalt á næsta ári miðað við sama ár. Þau áhrif sem vega þyngst í þessari sögulegu breytingu eru fyrst og fremst stóruaukin álframleiðsla og mikil kvótakerðing á þorski.

Í þjóðarþúðskap fjármálaráðuneytisins kemur fram að eftir að verksmiðja Norðuráls á Grundartanga og álver Alcoa á Reyðarfirði náðu fullri framleiðslugetu er áætlað að þær framleiði samanlagt 606 þúsund tonn á ári (Norðurál 260 og Fjarðarál 346).

Pétur Blöndal alþingismaður og formaður efnahagsnefndar sagði í samtali við *Íslenskan iðnað* að um væri að ræða nettótölur. Þetta væri þó ekki einfalt, innflutningur vegna áls komi þarna inn í. „Það er þó mjög athyglisvert að sjá að

Útflutningsverðmæti 2007-2010 í milljörðum króna á verðlagi hvers árs



Heimild: Fjármálaráðuneytið

álið er að fara fram úr sjávarútvegi í útflutningi og sýnir að efnahagslíf Íslandinga stendur traustum fótum varðandi útflutning.“ Hann telur þróunina ánægjulega og hún sýni að íslenskt atvinnulíf sé ekki eins sveiflukennt og það hefur verið.


Spáin byggir á gögnum sem liggja fyrir frá fyrstu mánuðum ársins.

Ferðamálaíðnaður og fjármálaumsýsla koma næst á eftir áli og sjávarútvegi þegar kemur að útflutningsverðmæti.

Evrusinnar 68%

Peir sem styðja ESB aðild 55%

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðild Íslands að Evrópusambandinu?




heimild: Capacent Gallup í apríl 2008

Samkvæmt tveimur könnunum sem SI létu gera í febrúar og apríl hefur þeim sem telja æskilegra að taka upp evru en halda krónunni fjölgað um rúmlega 12 prósentustig á sex vikum og evrusinum fjölgað úr tæpum 56% í rúm 68%.

Samkvæmt tveimur könnunum sem framkvæmdar voru dagana 20.-29. febrúar 2008 og aftur 1.-13. apríl 2008 hefur stuðningur almennings við Evrópusambandsaðild og upptöku evru aukist verulega. Stuðningur við aðild að ESB var í febrúar 50% en er nú kominn í rúm 55%. Þeim sem eru andvígir aðild að sambandinu fækkar úr tæpum 33% í rúm 27%.

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðild Íslands að Evrópusambandinu?



heimild: Capacent Gallup í febrúar 2008

„Kannanirnar segja meira en mörg orð um álit almennings á krónunni,“ segir Jón Steindór framkvæmdastjóri SI. „Greinilegt er að undiraldan í Evrópumálunum verður sífellt þyngri og fólk vill sjá breytingar.“

Svör í seinni könnuninni eru ekki greind eftir stuðningi við stjórnmalaflokka, en það var gert í hinni fyrri.

SI hafa allt frá árinu 2000 látið Capacent Gallup framkvæma kannanir um Evrópumál. Allar kannanir SI varðandi Evrópumál er hægt að nálgast og skoða á www.si.is undir Alþjóðlegt samstarf – Evrópumál - Skoðanakannanir.

Nýir félagsmenn SI

Becromal Iceland hf.
Efstaleiti 5
103 Reykjavík

Staka ehf.
Hrísateig 19
105 Reykjavík

Girðir ehf.
Njarðarholti 1
270 Mosfellsbær

Mentis hf.
Borgartúni 29
105 Reykjavík

Verk og vit 2008 vel heppnuð



Fjöldmenni var á opunarhátíð sýningarinnar Verks og vits 2008 í Laugardalshöllinni. Kristján L. Möller samgöngu-ráðherra opnaði sýninguna.

Borgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra afhjúpaði nýtt nafn sam-einaðs skóla, Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans. Ávarp fluttu Ólafur F. Magnússon, borgarstjóri Reykjavíkur, Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI og Margit Elva Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Verks og vits. Jafnframt var afhjúpað líkan af væntanlegu hús-næði Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýr-inni.

Sýnendur voru hátt í 100 talsins og lögðu mikinn metnað í sýningarsvæði sínu. Sýningin var líka afar fjölbreytt og komu þátttakendur af fjölmörgum svið-um atvinnulífsins. Sem dæmi má nefna byggingarverktaka, verkfræðistofur, tæknifyrirtæki, tækjaleigur, fjármálafyrirtæki, orkufyrirtæki, skóla, ráðgjafafyrirtæki og sveitarfélög. Fyrirtæki innan SI voru áberandi á sýningunni. BM Vallá var meðal annars með stærsta sýningarsvæðið.

Áhugi fagaðila og almennings á bygg-

ingariðnaði, mannvirkjagerð og skipulagsmálum er mikill, en um 18.000 gestir heimsóttu sýninguna. Fjölbreyttir viðburðir voru haldnir samhliða Verki og viti og meðal þeirra má nefna Íslandsmót iðngreina sem haldið var 18. og 19. apríl í anddyri gömlu Laugardalshallarinnar. Fimmtudaginn 17. apríl voru haldnar tvær ráðstefnur, annars vegar „Skipulag eða stjórnleysi?“ um skipulagsmál, fjármögnun og nýjar framkvæmdir. Og hins vegar ráðstefna SI „Áhætta í verktöku“ sem vakti mikla athygli. Auk þess voru ýmsir aðrir viðburðir haldnir á vegum samstarfsaðila og sýnenda.



Áhætta í verktöku

Hver er sinnar gæfu smiður

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir ráðstefnu um áhættuþætti í verktöku í tengslum við Verk og vit 2008. Um 150 manns sóttu ráðstefnuna.

Ótryggt ástand efnahagsmála

Ástand efnahagsmála hefur um langt skeið verið stöðugt og áhætta vegna verðlagsbreytinga við verklegar framkvæmdir því verið óveruleg. Einstakir efnisþættir hafa á tímabilum hækkað á erlendum mörkuðum, t.d. stál og olía en aðrir þættir hafa haldist tiltölulega stöðugir. Á liðnum vetri hafa hinsvegar nær öll hráefni til mannvirkjagerðar hækkað á erlendum mörkuðum og enn frekari hækkunum er spáð. Til viðbótar hefur gengisþróun íslensku krónunnar aukið frekar á vandann.

SI ákvað að efna til umræðu um áhættu í verklegum framkvæmdum vegna þeirra erfiðleika sem nú steðja að mannvirkjagerð. Tilgangurinn var að greina hverjir þessir þættir eru og hvar eðlilegast sé að ábyrgðin liggja.

Verktakar verða að kunna að meta áhættu

Framsögumenn voru sex talsins og komu frá Ístaki, mannvirkjasviði ÍAV, Hlaðbæ - Colas, Landsvirkjun Power, Lögmannsstofunni LOGOS og Kaupþingi. Þrír fulltrúar verktaka riðu á vaðið með erindi þar sem áhættuþættir voru greindir og möguleg áhrif á kostnað metin. Rætt var um hæfni verktaka til að meta áhættu, atriði eins og efnisrýrnun, efnisábyrgðir, afhendingartíma, flutningskostnað, verðlagsþróun, verðhækkningar erlendis og gengisbreytingar. Að mati verktaka er hægt að skipa áhættuþáttum í tvo meginflokka. Annars vegar í verkkaupa og samningsumhverfi, þar sem hægt er að skilgreina 10 til 20 atriði og helmingur þeirra verðlagður og hins vegar verk-efnisháða áhættuþætti, þar sem 50 til 100 þættir geta verið skilgreindir og 20 til 50 verðlagðir við tilboðsgerðina. Samanlögð áhrif þessara áhættuþátta eru við eðlilegar aðstæður 0 til 10% af reiknaðri tilboðsfjárhæð. Í samanburði við meðaltalsafkomu greinarinnar geta 5% skilið á milli feigs og ófeigs.

Kostnaðaraukning á tveimur mánuðum 24 mkr. vegna olíu

Fulltrúi frá Colas fór yfir útboð um slitlag Reykjanesbrautar frá mars 2008. Til að



vekja athygli á áhrifum hráfnisverðs var þetta tiltekna verk reiknað miðað við olíuverð í febrúar og það borið saman við olíuverð í byrjun apríl. Miðað við eðlilegar tilboðsforsendur hefði kostnaður verktakans hækkað um 19% og hann því tapað 24 milljónum króna.

Skript áhætta

Í útboðum Landsvirkjunar er reynt að skipta áhættu milli aðila. Þannig beri hver um sig fyrst og fremst þá áhættu sem hann hefur stjórn á og/eða getur haft áhrif á. Í stærri samningum er bjóðendum heimilt að bjóða í ISK og í erlendri mynt. Íslenski hlutinn er þá verðbættur með vísitölu byggingarkostnaðar en byggingarvísitala tekur ekki mið af orkuframkvæmdum sérstaklega. Því er óvíst að verktakanum verði greiddar bætur fyrir nákvæmlega allri kostnaðarhækkuninni. Þó er um að ræða ákveðið öryggisnet sem tryggir verktakann fyrir mestu verðbreytingum. Erlendi hluti samnings getur verið verðbættur með formúlu sem bjóðandi leggur til og tekur ákveðið mið af kostnaðarþáttum hans. Í minni samningum hafa verðbætur einungis tekið mið af vísitölu byggingarkostnaðar en heimilt er að gera þá samninga í erlendri mynt.

Skilyrði fyrir framvirkum samningum

Í erindi Kaupþings um framvirka samninga kom fram að gerðar eru miklar kröfur til þeirra sem eiga kost á að gera framvirka samninga um t.d. hráefniskaup. Til að geta komið til álita við slík kaup þarf að uppfylla ströng skilyrði um efnahagsreikning, ársveltu og eigið fé. Þetta gerir það að verkum að það er ekki á færi venjulegra verktaka að tryggja hráefniskaup með framvirkum samningum. Við mikið óvissuástand fellur það því í hlut verkkaupans, sem gjarnan er opinber aðili, að ganga til framvirkra samninga og tryggja með því hráfnisverð á þekktu verði.

Mikilvægt er að þeir verktakar sem eru hæfastir í hina eiginlegu verkframkvæmd lifi og dafni. En ekki þeir sem eru tilbúnir að taka áhættu sem þeir hvorki geta stjórnað né haft áhrif á. Núverandi fyrirkomulag á verktakamarkaði hefur reynt mörgum verktökum erfitt. Því er mikilvægt að sanngjarnar leikreglur og rétt áhættuskipting sé viðhafðar – til hagsbóta fyrir jafnt verkkaupa sem verktaka.

Árni Jóhannsson

Úrslit Íslandsmóts iðngreina 2008

Íslandsmót iðngreina 2008, 22ja ára og yngri fór fram í Laugardalshöllinni 18. og 19. apríl. Iðnmennt sá um undirbúning og skipulagningu mótsins en aðalbak-hjarlar voru Samtök iðnaðarins og menntamálaráðuneytið. Mótið í ár var haldið í tengslum við sýninguna Verk og vit 2008. Keppt var í 13 greinum og af-



henti Árni Már Heimisson Íslands- og Norðurlandameistari í pípulögnum 2007 verðlaunin. Árni keppti fyrir Íslands hönd í heimsmóti iðngreina World Skills 2007 í Japan, fyrstur Íslendinga.

Markmið Íslandsmóts iðngreina er að vekja athygli á iðn- og starfsmenntun, kynna almenningi iðngreinar – ekki síst ungu fólki – og vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í námi og starfi í iðngreinum. Alls voru fulltrúar 20 iðn- og starfsgreina á mótinu. Auk greinanna sem keppt var í voru aðrar greinar kynntar. Þá kynntu iðn- og verkmenntaskólar landsins og Samband íslenskra framhaldsskólanema starfsemi sína.

Íslandsmót iðngreina er undanfari og forkeppni einstakra keppnisgreina fyrir þátttöku í World Skills og Evrópukeppni Euro Skills. Meira var lagt í keppnisgreinarnar nú en áður og viðfangsefnið veigameiri og meira krefjandi. Markmiðið með breyttu fyrirkomulagi er m.a. að auka þátttöku atvinnulífsins í mótinu og efla tengslin milli þess og iðnskólanna.

Að skipulagningu keppnisgreina komu Félag hársnyrtisveina, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Félag pípulagningameistara, Félag vélstjóra- og málm-tækni-manna, Rafiðnaðarsamband Íslands og IÐAN – fræðslusetur. *Ingi Bogi Bogason*

Íslandsmeistarar iðngreina 2008

Málaraíðn, Gunnar Guðjónsson

Grafísk miðlun, Jóhann G. Úlfarsson

Ljósmyndun, Arnar M.H. Guðmundsson

Málmsuða, Jevgenis Gujls

Trésmíði, Ásgeir Arnór Stefánsson,

Pípulögn, Kristófer Þorgeirsson,

Bifvélavirkjun, Birkir Sigursveinsson,

Bílamálun, Ásbjörn Matti Birgisson,

Bifreiðasmíði, Reynir Harðarson,

Múrverk, Kristþór Ragnarsson,

Dúklagningar, Gústaf B. Grönvold

Hársnyrtun, Heiðrún Pálsdóttir,

Rafvirkjun, Gunnar Þ. Harðarson

Tækniskólinn

skóli atvinnulífsins



Iðnskólinn í Reykjavík og Fjöltækniskóli Íslands sameinaðir í Tækniskólann – skóla atvinnulífsins

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir afhjúpaði nýtt nafn og merki á sameinuðum skóla Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands við opnun sýningarinnar Verk og vit 2008. Skólinn hlaut nafnið Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins og verður stærsti framhaldsskóli landsins með á þriðja þúsund nemendur og 250 starfsmenn. Hugmyndasmið-

ur að hinu nýja nafni er Gunnar Helgi Birgisson, nemandi við skólann.

Tækniskólinn tekur við rekstri skólanna tveggja 1. júlí næstkomandi. Eigendur rekstrarfélags skólans eru Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök iðnaðarins, Samorka, Samband íslenskra kaupskipaútgerða og Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík.

Reykjavíkurborg hvetur til iðnmenntunar

Á fundi borgarstjórnar 18. mars sl. flutti Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir tillögu borgarfulltrúa F-lista og sjálfstæðisflokks að öflugri kynningu starfs- og iðnnáms í skólum borgarinnar.



Þorbjörg Helga hvatti til þess að borgin beitti sér fyrir átaki á grunn-skóla- og leikskólastigi. Það hefði að markmiði að gefa börnum kost á að kynnst störfum í iðnaði, bæði í raun og með hlutverkaleikjum.

Sérstaklega er eftirtektarvert að í tillögu Þorbjargar kemur fram að iðnnám er fýsilegur valkostur vegna þess hve mörg góð og krefjandi störf bjóðast fólki með þessa menntun. Í tillögum Þorbjargar Helgu er einmitt ekki bent á iðnnám sem vænlegan kost fyrir þá sem „eru ekki á bókina.“ Enda er iðnnám ekki félagslegt úrræði frekar en stúdentspróf.

Á fundinum tóku borgarfulltrúar annarra flokka undir orð Þorbjargar Helgu og var málinu vísað til mennta-nefndar Reykjavíkurborgar til frekari umræðu og útfærslu. Þessu framtaki ber að fagna sem og þeirri samstöðu sem borgarstjórn Reykjavíkur sýnir um þetta mikilvæga mál.

Samtök iðnaðarins eru reiðubúin til samstarfs um mótun og framkvæmd þeirra aðgerða sem borgarstjórn vill blása til.

Næg tækifæri í iðnmenntun

Iðnmenntuðum fjölga ekki nógu hratt. Þessari fullyrðingu hefur með réttu verið haldið á lofti undanfarin ár. Atvinnulífið hefur haft þörf fyrir miklu fleira iðnmenntaða fólk en sem nemur þeim fjölda nemenda sem lýkur sveinsprófum og brautskráningu frá skólum.

Iðnnemar eru ánægðir

Engin einhlít skýring er á því hvers vegna fleiri brautskrást ekki af iðn- og starfsmenntabrautum. Skilyrði eru víða hagstæð fyrir frekari fjölgun iðnmenntaðra. Þar má nefna spennandi og vel launuð störf auk þess sem iðn- og verkmenntaskólar eru alla jafna með góða aðstöðu og þar starfa vel menntaðir og áhugasamir kennarar.

Löngum hefur verið talið að ímynd iðn- og starfsnáms sé ekki nógu jákvæð. Réttara sýnist mér þó að ímyndin sé alls ekki neikvæð heldur sé vitneskja ungs fólks og foreldra um möguleika iðnnáms almennt takmörkuð. Iðnnemarnir sjálfir eru harla ánægðir með stöðu sína. Þeir eru stoltir af námi sínu og líta jafnan spenntir til framtíðar.

Í könnun HRM fyrir Iðnskólafélagið frá 2006 er ungt fólk, meðal annars iðnnemar, spurt um viðhorf til iðn- og starfsnáms. Það telur að störf í iðnaði séu skemmtileg og skapandi. Þau gefi tækifæri til að sjá hluti verða að veruleika, frekar en störf háskólamenntaðra. Ungu fólkið telur að iðnaðarstörf hafi ekki síðri möguleika en háskólastörf til að skapa tekjumöguleika.

Kynjaskekkja

Samtök iðnaðarins héldu fyrir skömmu fund um stöðu kvenna í iðnaði, undir heitinu „Virkjum kraft kvenna“. Þar var lögð fram skýrslan *Kvennabrekkan*. Í henni eru töluleg gögn um fjölda kvenna í stjórnunarstöðum í iðnaði og hlut þeirra í menntakerfinu, sérstaklega í þeim námsgreinum sem varða iðnaðinn.

Flestum er kunnug sú staðreynd að konur eru mun duglegri að afla sér menntunar en karlar. Nýstúdentar eru fleiri konur en karlar. Fleiri konur en karlar luku stúdentsprófi á árunum 1995-2005 og helst munurinn allstöðugur.

Þessu er þveröfugt farið í brautskráningum af raungreina-, iðn- og tæknibrautum á sama árabili. Veturinn 2004-2005 brautskráðust um sjöfalt fleiri karlar en konur af þessum brautum. Veturinn 2004-2005 brautskráðust þó tæplega 50% fleiri konur en árið á undan. At-

hyglisvert verður að fylgjast með hvort þessi fjölgun sé vísbending um vaxandi hlut kvenna í iðn- og tækninámi á næstu árum.

Ingi Bogi Bogason



Umsóknarfrestur 5. júní

Samtök iðnaðarins auglýsa eftir umsókn um styrki til útgáfu á námsefni í iðngreinum og öðrum greinum sem varða iðnað.

Í fyrra styrktu Samtök iðnaðarins tíu verkefni um alls níu milljónir króna.

Skilyrði fyrir styrkveitingu

- Fyrir liggja skuldbinding um heildarframvindu verkefnis
- Verkefnið svari raunverulegri þörf fyrir náms- eða kennsluefni
- Verkefnið sé unnið í samvinnu við þá, sem málið varða s.s. skóla, félag og fyrirtækja
- Aðrir en Samtök iðnaðarins fjármagni verkefnið a.m.k. að hálfu
- Þeir sem vinni verkefnið hafi reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði
- Tryggt skal að námsefnið nýtist til kennslu í skólum og á vinnustöðum

Í umsókn komi eftirtalið fram: Lýsing (hámark 100 orð) á verkefni sem styrkja skal.

- Tilgangur og þörf
- Markhópur
- Ábyrgðarmaður verkefnis
- Verk- og fjárhagsáætlun
- Þátttakendur í verkefninu

Hlutur hvers, fjárhagslegur og verkefnalegur, tiltekinn.

- Framvindu lýst
- Fjármögnun
- Útgefandi

Frekari upplýsingar gefur Ingi Bogi Bogason, ingi.bogi@si.is.

Burt með stimpilgjöldin

Ríkið innheimtir 1,5% stimpilgjald af skuldabréfum og 0,4% af fasteignamati við útgáfu afsals fyrir fasteign. Þessi skattheimta er úrelt og ósanngjörn.

Nú kveppir að á fasteignamarkaði. Ríkið á að grípa tækifærið og fella niður stimpilgjöldin að fullu.

Það er ekki eftir neinu að biða.

SI

Samtök iðnaðarins

Sterkur bakhlari
í sýnbreytilegu umhverfi

www.si.is

Alþjóðamálastofnun HÍ og SI veita styrki til rannsókna



Frá vinstri: Jón Steindór Valdimarsson, Bogi Guðmundsson, Anna Margrét Eggertsdóttir, Baldur Þórhallsson prófessor HÍ, Alyson Bailes gestakennari við HÍ og Silja Bára Ómarsdóttir forstöðumaður Alþjóðastofnunar HÍ

Alþjóðamálastofnun HÍ og SI veittu þann 29. apríl tveimur meistaranemum styrki til rannsókna á sviði Evrópufræða. Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, afhenti styrkina.

Anna Margrét Eggertsdóttir meistaranemi í alþjóðasamskiptum er annar styrkþega. Hún hlaut styrkinn fyrir verkefnið *Samninganet Íslands og ESB með hliðsjón af mögulegri aðild Íslands að ESB*. Hinn styrkþeginn er Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir meistaranemi í opinberri stjórnsýslu. Verkefni hennar nefnist *Áhrif orkustefnu Evrópusambandsins á hina íslensku orkustefnu*. Ólafía Dögg var stödd erlendis en eiginmaður hennar, Bogi Guðmundsson, tók við styrknum fyrir hennar hönd.

Rannsókn Önnu Margrétar er tvíþætt,

annars vegar að skoða hvert umfang samninganets Íslands og samninganets Evrópusambandsins er þegar kemur að viðskipta- og fríverslunarsamningum við þriðju ríki. Hins vegar skoðar hún hvaða áhrif aðild að Evrópusambandinu myndi hafa á samninganet Íslands, þ.e. net viðskipta- og fríverslunarsamninga við þriðju ríki.

Markmiðið með rannsókn Ólafíu Daggar er að kanna hversu mikil áhrif ESB á íslenska orkustefnu séu fyrir tilstilli EES samningsins. Í þeim tilgangi veltir hún upp spurningunum: Er EES samningurinn hefðbundinn þjóðréttarsamningur eða er hann yfirþjóðlegur í eðli sínu? Er hægt að yfirfæra niðurstöður um áhrif ESB í orkumálunum yfir á aðra málaflokka sem falla undir EES samninginn? Hafa áhrif ESB - stefnunnar á núverandi orkustefnu á Íslandi forspárgildi um áhrif nýrra tillagna Framkvæmdastjórnar ESB fyrir íslenska orkustefnu? Er hægt að heimfæra niðurstöður þessarar rannsóknar yfir á hin EES-EFTA ríkin?

Styrkuppheðin miðast við úthlutun Nýsköpunarsjóðs námsmanna til þriggja mánaða, 390 þúsund. Einungis nemendur sem eru að hefja vinnu við lokaverkefni á meistarastigi koma til greina sem styrkþegar enda sé rannsóknarefnið í raun lokaverkefni nemenda, að hluta til eða í heild sinni. Við úthlutun styrksins er horft til fræðilegs og hagnýts gildis verkefnisins, skýrleika rannsóknaráætlunarinnar og greinargerð um það hvernig verkefnið muni nýtast íslensku atvinnulífi og samfélagi. Styrkirnir veita þannig nemendum tækifæri til að tengja rannsóknarverkefni sín atvinnulífinu þannig að báðir aðilar hagnist.



Kaupþing í heimsókn

Fyrir skömmu komu sautján útibússtjórar auk framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs Kaupþings í heimsókn til Samtaka iðnaðarins. Tilgangur heimsóknarinnar var að ræða almennt ástand í atvinnulífinu, stöðu á lánsfjármörkuðum og í byggingariðnaði almennt.

Heimsóknir sem þessar eru gagnlegar báðum aðilum til að efla tengsl og skiptast á skoðunum.

Breytt ESB án Íslands

Diana Wallis, þingmaður Evrópuþingsins, hélt fjölsóttan fyrirlestur um tengsl Íslands og Evrópusambandsins á vegum Alþjóðamálastofnunar HÍ og SI í apríl.

Í fyrirlestrinum ræddi Wallis um hvaða áhrif það hefur á Ísland að standa utan ESB í ljósi nýgerðs sáttmála sambandsins og stefnu þess á sviði Norðurskautsmála.

Wallis hefur setið á Evrópuþinginu frá því árið 1999 og verið varaforseti þingsins frá því í desember 2006. Hún hefur lengi haft mikinn áhuga á málafnum Norðurlandanna og var kosin forseti fastanefndar Evrópuþingsins gagnvart Íslandi, Noregi og Sviss í september 2004. Þá var hún einnig kosin forseti sameiginlegu EES þingnefndarinnar í september 2004 og þeirri stöðu gegndi hún í þrjú ár. Hún hefur verið fulltrúi Evrópuþingsins á fundum Norðurlandaráðsins, þingmannaráðs landa við Eystrasalt og fastanefnd þingmanna í Norðurskautslöndum.



SI



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
5. tbl. 14. árg. Maí 2008
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 15.05.2008
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjórn/efnisöflun: Rakei Pálsdóttir og Sigríður Guðlaugsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Mentor ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2008 sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis. Mentor jók veltu sína milli árána 2006 og 2007 um 48,6%. Það er mesti vöxtur sprotafyrirtækis á síðasta

ári sem uppfyllir viðmið dómnefndar. Jafnframt hlutu fyrirtækin *Betware, Valka og Kine* viðurkenningu fyrir góðan vöxt á síðasta ári.

Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, veitti Vilborgu Einarsdóttur framkvæmdastjóra og stofnanda Mentor ásamt öðrum starfsmönnum fyrirtækisins Vaxtarsprotann 2008 að viðstöddum fulltrúum sprotafyrirtækja og stuðningsaðila atvinnulífsins í Grasagarðinum, Laugardal við hátíðlega athöfn.

Alls hlutu fjögur sprotafyrirtæki viðurkenningu fyrir öflugan vöxt milli árána 2006 og 2007, en viðurkenningunum var skipt í tvo flokka. Í „2. deild“, þ.e. flokki sprotafyrirtækja með veltu á bilinu 10-100 milljónir hlutu fyrirtækin Kine ehf. og Valka ehf. viðurkenningu en í „1. deild“, flokki sprotafyrirtækja með ársveltu á bilinu 100-1000 milljónir fengu fyrirtækin Mentor ehf. og Betware hf. viðurkenningu.



Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra afhendir Vilborgu Einarsdóttur framkvæmdastjóra og stofnanda Mentor Vaxtarsprotann 2008

Svipmyndir frá vel heppnuðu árshófi SI sem haldið var á Grand hóteli í mars sl.

Sveinn veislustjóri, Jón Steindór framkvæmdastjóri og Þorsteinn varaformaður SI í góðum gir á Árshófi Samtakanna



Yfirlitsmynd af HR eins og hann mun líta út

Sterkt samband HR við MIT í Boston

Í 5. tölublaði Íslensks iðnaðar 2007 var sagt frá samningi Háskólans í Reykjavík við MIT (Massachusetts Institute of Technology) um aðgengi íslenskra fyrirtækja að því mikla þekkingarsamfélagi sem þar er. HR sér um rekstur samningsins og tryggir íslenskum fyrirtækjum þjónustu og aðgang að áhugaverðum ráðstefnum og rétta fólkinu hverju sinni.

MIT hefur um 60 ára skeið haldið utan um tengsl við atvinnulífið og rekur sérstaka skrifstofu til þess; Industrial Liaison Program (ILP). Undirritaður starfar hjá HR og er tengiliður íslenskra fyrirtækja, auk þess að vera sérstakur tengiliður innan ILP í Boston sem greinir nánar þarfir íslenskra fyrirtækja. Hann undirbýr og skipuleggur heimsóknir og tengsl sem henta hverju tilefni.

Á annan tug íslenskra fyrirtækja hafa þegar nýtt sér þetta samstarf og reynsla þeirra er góð þrátt fyrir að aðeins sé búið að nýta hluta af þeim tækifærum sem í samningnum felast.

Fyrirtækið CCP hefur með tengslum við HR og MIT náð til sérfræðinga sem eru að rannsaka viðfangsefni eins og félagslega hegðun í netheimum (social networking and behaviour) og netumhverfi framtíðar. Hraði í reikniverki tölva er gríðarlega mikilvægur fyrir CCP og áhugi er á að tengjast betur sérfræðingum á sviði ofurtölva samhliða tölvuvinnslu (parallell computing). CCP hefur einnig fullan hug á að nýta sér tengslanetið til þess að ráða til sín fólk frá MIT. Verkfræðistofan Mannvit hefur þegar nýtt sér þessi tengsl til ráðninga og von er á fjórum starfsmönnum til starfa í sumar.



Sigurður Ólafsson
Háskólinn í Reykjavík
sigol@ru.is

Framsækin íslensk fyrirtæki sækja þekkingu og hugmyndir til MIT

Áður en fyrirtæki heimsækir MIT er gerð greining á því hvað það er helst sem viðkomandi fyrirtæki getur haft út úr slíkri heimsókn. Skoðað er hvar fyrirtækið er stutt í þróun á sínu sviði og hvaða þættir í umhverfi framtíðar séu líklegir til að hafa áhrif á stefnumótun og markmið. Sérþekking er einkum á sviði stjórnunar, fjármála, tölvutækni, verkfræði, eðlis- og efnafræði og fleiri tæknigreina. Auk þess fá samstarfsaðilar upplýsingar um nýjungar og áhugaverð rannsóknarverkefni sem tengjast þörfum íslenskra fyrirtækja.

Samningurinn kveður m.a. á um:

- að sérsníða fundi með sérfræðingum MIT
 - sérstök málþing með MIT vegna stefnumótunar, stjórnunar og rannsóknar
 - heimsóknir fulltrúa MIT til Íslands
 - samstarf og tengsl við MIT vegna rannsóknastuðnings eða ráðgjafar
 - að MIT nemi komi til starfa hjá íslenskum fyrirtækjum
 - rannsóknir og lausn raunverulegra verkefna
 - þátttöku í ráðstefnum á vegum MIT
- Auk þess fá fyrirtæki sem aðild hafa að samstarfinu aðgang að efni frá fyrri ráðstefnum, aðgang að þekkingargrunni ILP samstarfsins og hinu viðamikla bókasafni MIT. Sjá nánar á www.ru.is/ atvinnulíf.

Nám við HR og MIT á sama tíma - einstakt tækifæri

Óhætt er að segja að vel hafi tekist til á

fyrsta ári samstarfs Íslands við MIT og ljóst að Háskólinn í Reykjavík hefur vaxið af þessu sambandi. MIT hefur komið að hönnun meistaranáms tækni- og verkfræðideildar HR og sterk tengsl hafa myndast á milli skólanna. Í haust verður boðið upp á meistaranám sem kennt verður samtímis í MIT og HR. Þarna er um að ræða einstakt tækifæri fyrir íslenska nemendur.

Með því að greiða götu íslenskra fyrirtækja að MIT stuðlar Háskólinn í Reykjavík að virkara samstarfi atvinnulífs og skóla og færir þannig faglega sérþekkingu inn í fyrirtæki í öllum geirum íslensks samfélags.

Nýr starfsmaður Samtakanna



Sigríður Guðlaugsdóttir fjölmiðlafræðingur hefur verið ráðin til Samtaka iðnaðarins sem verkefnastjóri miðlunar. Í starfinu felst meðal annars ritstjórn á vef Samtakanna og því efni

sem gefið er út á þeirra vegum auk greiningar og stefnumótunar á ýmsum kynningarmálum.

Sigríður úrskrifaðist með MA gráðu í margmiðlunarfréttamennsku frá Bournemouth háskóla í Bretlandi árið 2006, en þar hafði hún einnig stundað BA nám í fjölmiðlafræði. Hún starfaði sem fréttamaður á Stöð 2, Vísi og Bylgjunni áður en hún gekk til liðs við Samtök iðnaðarins. Í rúman áratug vann hún við dag-skrárgerð hjá Sjónvarpinu. Þá vann hún við viðburðarstjórnun auk þess að starfa við tímabundin verkefni fyrir Saga Film.

Sigríður hefur þegar hafið störf hjá Samtökunum.

Eff2 technologies hlaut Gulleggið 2008

Fyrsta Frumkvöðlakeppni Innovit fyrir íslenska háskólanema og nýútskrifaða fór fram 12. apríl sl. Iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, afhenti Eff2 verðlaunagripinn Gulleggið og peningaverðlaun við hátíðlega athöfn í Iðnó.

Hátt í 200 viðskiptahugmyndir voru sendar í keppnina og úr þeim hópi valdi dómnefnd átta sem kepptu til úrslita. Frumkvöðlarnir kynntu hugmyndir sínar og svöruðu spurningum frammi fyrir yfirdómnefnd keppinnar sem samanstóð af fulltrúum úr íslensku atvinnulífi og samstarfsaðilum Frumkvöðlakeppni Innovit. Samtök iðnaðarins er einn af styrktaraðilum Innovit og átti fulltrúa í dómnefnd.



Sigurvegarnir Frumkvöðlakeppni Innovit 2008 ásamt stofnendum Innovit. F.v. Magnús Már Einarsson, verkefnastjóri Innovit, Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovit, Kristleifur Daðason, Eff2, Friðrik Ásmundsson, Eff2, Herwig Lejsek, Eff2 og Stefania Sigurðardóttir, verkefnastjóri Innovit

Fyrsta sætið

Sigurvegarnir, Eff2 technologies, sprotafyrirtæki sem sprottið er úr Háskólanum í Reykjavík, hlutu Gulleggið og 1,5 milljón kr. fyrir hugbúnaðinn Videntifier. Videntifier greinir sjálfvirkt vídeóefni á netinu til varnar höfundarrétti. Kerfið fer yfir vídeó á netinu og ber kennsl á það. Því næst er hægt að semja um greiðslu fyrir birtingu efnisins eða það tekið niður, í samræmi við óskir höfundar-rétthafa.

Annað sætið

Í öðru sæti varð viðskiptateymi úr Háskóla Íslands með fyrirtækið Clara. Mikið af upplýsingunum sem fyrirtæki sækjast eftir með skoðanakönnunum er að finna á veraldarvefnum. Clara getur tekið þessar upplýsingar saman á sjálfvirkan hátt og unnið úr gögnunum með háþróaðri gervigreind sem greinir samhengi og tilfinningar í texta. Markmiðið er að lækka kostnað sem fyrirtæki leggja almennt í markaðsrannsóknir og gjörbreyta þekktum aðferðum.

Þriðja sætið

Þriðja sætið vermdi frumkvöðull frá Háskólanum á Bifröst með fyrirtækið Bjarmalund sem er ætlað það hlutverk að veita samfelldan stuðning við sjúklinga með heilabilun og fjölskyldur þeirra.

Einnig verður hlutverk Bjarmalundar að vera leiðandi í rannsóknum, stefnumótun og nýjum úrræðum fyrir heilabílaða.

Clara og Bjarmalundur hlutu hvort um sig 500 þúsund kr. í verðlaun.

Fyrirhugað er að halda keppni sem þessa árlega hér eftir.

Hækkandi álverð og fallandi gengi leiða hækkun framleiðsluverðs

Vísitala framleiðsluverðs hækkaði um 9,2% í mars. Vísitalan mælir það sem framleiðendur fá fyrir afurðir sínar. Frá því mælingar hófust hefur mánaðarhækkun ekki mælst meiri en nú. Tólf mánaða hækkun vísitölnunnar er 12,5% en hún hefur hækkað samfleytt frá nóvember 2007. Gengisþróun krónunnar ræður mestu um framleiðsluverð en krónan veiktist um 11,7% milli febrúar og mars. Þetta endurspeglast í því að útfluttar afurðir hækka mikið milli mánaða eða um 15,1%. Tólf mánaða breytingin nemur því 18,3%.

Á sama tíma er mun minni breyting á framleiðsluverði afurða sem ætlaðar eru á innanlandsmarkað. Hækkunin nemur nú 2,5% milli ára á sama tíma og 12 mánaða breyting vísitölu neysliverðs er 11,8%.

Af einstökum undirvísitölum hækkaði framleiðsluverð stóriðju mest í mars eða um 20,8%. Þetta skýrist annars vegar af veikingu krónunnar en hins vegar af mikill hækkun álverðs. Á milli febrúar og mars nam hækkun áls 8,2%. Mun minni hækkun var á annarri iðn- og matvælaframleiðslu. Framleiðsluverð til þeirra sem framleiða iðnvörur hefur raunar lítið breyst í tvö ár. En á sama tíma hafa laun og verðlag hækkað mikið.

